

Minnisblað

Verk: Suðurstrandarvegur-Mat á umhverfisáhrifum

Málefni: Mat á landslagi

Dags.: 14.03.2003

ALMENNT:

Erfiðara er að meta landslag en t.d. gróður eða fuglalíf. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að verðmætin eru huglæg og upplifun persónubundin. Þetta þýðir þó ekki að fegurð landslags sé alfarið háð geðþóttu hvers og eins, enda eru sumir staðir almennt taldir fallegrir en aðrir og sem dæmi um slíka staði hér á landi má nefna Þingvelli og Skaftafell.

Upplifun landslags er almennt talin mikils virði og því hafa verið þróaðar aðferðir víða um heim til þess að leggja mat á landslag. Oft snýst matið um meginþrætti, eiginleika landslags eða landslagsfegurð sem heild. Ein þessara aðferða, sem telja má aðgengilega og skýra er byggð á aðferðarfræði sem Próf. Dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir hefur unnið.

Á síðustu árum hefur lítið verið fjallað um mat á landslagi í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum hér á landi. Þetta er eflaust vegna þess hversu snúið og persónubundið matið er, en einnig vegna þess að um tiltölulega ný vísindi og nýja aðferðarfræði er að ræða.

Við mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar, var ákveðið að leggja mat á meginþrætti og eiginleika landslags með aðferðum sem Þóra Ellen hefur beitt. Þessi vinna var í höndum sérfræðinga innan Umhverfis- og öryggissviðs Línuhönnunar sem þekkja vel til svæðisins og hafa fylgst með þróun aðferða á þessu sviði.

SUÐURSTRANDARVEGUR:

Aðferðin byggir í gráfum dráttum á einfaldri punktagjöf í 5 stigum (1-5) fyrir eftirtalin einkenni:

- Sjóndeildarhringur
- Breytileiki í hæð
- Útlínur lands
- Endurtekin form
- Gróðurþekja
- Gróðurlendi
- Litbrigði
- Mynstur
- Áferð-einsleitni
- Áferð-hrjúfleiki
- Vatn-sýnileiki
- Vatnsstraumar
- Andstæður
- Hrikaleiki

Há punktagjöf vísar til mikilla upplýsinga um eða jákvæðni gagnvart viðkomandi eiginleikum. Þannig er sem dæmi mat á sjóndeildarhring almennt með háa punktagjöf í tilfelli Suðurstrandarvegar, þar sem um mjög fjarlægan sjóndeildarhring er að ræða þegar ferðast er um veginn. Aftur á móti er gróðurlendi með lága punktagjöf þar sem á stórum svæðum er um mjög einsleitan gróður að ræða.

Suðurstrandarvegur er tæplega 59 km langur og liggur að mestu um fáfarið svæði. Svæðið einkennist þar að auki af nokkuð samfelldum og almennt láglendum stórum breiðum. Austast eru þetta sandorpin hraun, svo taka við stórir hraunflákar og rofnar heiðar í bland. Vegfarandi sem ferðast eftir Suðurstrandarvegi á um 90 km hraða á klst. upplifir svæðið á annan hátt en gangandi eða ríðandi maður sem ferðast eftir gamla Suðurstrandarveginum. Gangandi maður á fjöllum upplifir svæðið frá allt öðru sjónarhorni og því mun hann geta lagt annað mat á landslag svæðisins. Hvenær ársins og við hvaða verðufarsleg skilyrði, s.s. birtu, vætu o.s.frv. upplifun á sér stað hefur einnig mikið að segja. Í því sambandi má benda á að í miklum þurrkum verður grár litur ráðandi á mosabreiðum sem þekja hraun á svæðinu. Við vætu breytist litur hraunbreiða og verða þær þá oft skærgrænar. Í þessari geiningu er eðli málsins samkvæmt kosið að miða matið við upplifun frá nýjum Suðurstrandarvegi. Vegna þess hversu stórir hlutar svæðisins eru einsleitir, þó svo að í heild sé svæðið afar fjölbreytilegt, þá er valinn sá kostur að skipta svæðinu í 6 hlutavæði fyrir matið. Heildarpunktagjöf fyrir hvern eiginleika fyrir sig tekur svo mið af mati allra hlutavæða.

Á næstu síðum getur að líta greiningartöflur fyrir annars vegar Rauðu veglínuna og hins vegar Gulu veglínuna.

NIÐURSTÖÐUR:

Eins og sjá má er vart teljandi munur á punktamati á landslagi við Rauðu og Gulu veglínuna. Heildarmatið fyrir veglínurnar er eftirfarandi:

- | | |
|----------------------|---|
| • Sjóndeildarhringur | 4-5 (Víðast fjarlægur sjóndeildarhringur, fjarlægari við rauða veglínu) |
| • Breytileiki í hæð | 2 (Breytileiki í hæð frekar líttill) |
| • Útlínur lands | 2 (Útlínur lands frekar ávalar í fjarlægð en hvassar í nálægð) |
| • Endurtekin form | 2 (Nokkrar endurtekningar á formum) |
| • Gróðurþekja | 3 (Gróður víða fyrir hendi) |
| • Gróðurlendi | 1 (Mjög einsleitir gróður) |
| • Litbrigði | 3 (Nokkur litbrigði) |
| • Mynstur | 2 (í meðallagi grófmynstrað) |
| • Áferð-einsleitni | 2 (Áferð frekar einsleit) |
| • Áferð-hrjúfleiki | 3 (Hrjúfara vestar en austar,) |
| • Vatn -sýnileiki | 2-5 (Hafflötur sýnilegur, minna við gulu veglínuna) |
| • Vatnsstraumar | 2-3 (Kraftar vatns (brim) meira sýnilegir við rauðu veglínuna) |
| • Andstæður | 3 (Nokkrar andstæður) |
| • Hrikaleiki | 2 (Hrikaleiki nokkur) |

Almennt má segja, að landslag á sunnanverðum Reykjanes-skaga milli Grindavíkur og Þorlákshafnar er víðast hvar einstaklega fagurt og mikils virði. Víðast hvar er stutt til hafs og myndar hafið og ströndin stóran hluta af landslagsmyndinni. Samspil hraunbreiðu og hafs skapar víðáttu og fjarlægan sjóndeildarhring. Í þoku og dimmviðri færst viss drungi yfir svæðið sem gefur því dulrænt og þjóðsagnakennt yfirbragð. Völd þessar aðstæður má sjá litrít samspil á milli skærgræns mosans, kolsvarts hraunsins og mjólkurlitaðrar þokunnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að Suðurstrandarvegur mun ekki liggja mjög hátt í landi, þannig að hraunin muni að nokkru leyti fela veginn. Þetta á einkum við á vestanverðu nesinu, en austar eru hraunin flatari og má reikna með að þar verði vegurinn meira áberandi. Vegurinn verður sumsstaðar sýnilegur af fjöllum á sunnanverðu Reykjanesi. Á hinn bóginn má segja, að lagning Suðurstrandarvegar sé ein aðalforsenda þess að hægt verði að njóta hins fallega landslags á sunnanverðu Reykjanesi þar sem flest hraunin á svæðinu eru erfið yfirferðar og svæðið því ekki mjög aðgengilegt gangandi fólk.

Rauða veglínan: Svæðinu skipt upp í 6 hlutasvæði:

| Stöð frá: | 0- 9000 | 9000 17000 | 17000 23000 | 23000 37000 | 37000 40000 | 40000 59000 | 0- 59000 |
|--------------------|------------|---------------|----------------|----------------|----------------|----------------|---------------------------------|
| Stöð til: | | | | | | | |
| Svæði | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | Heildarmat |
| Eiginleiki | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Textaskýring |
| Sjóndeildarhringur | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | Fjarlægur sjóndeildarhringur |
| Breytileiki í hæð | 4 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | Breytileiki í hæð frekar lítill |
| Útlínur lands | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | Útlínur lands frekar ávalar |
| Endurtekin form | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | Endurtekningar á formum nokkrar |
| Gróðurbækja | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 1 | Gróður viða fyrri hendi |
| Gróðurlendi | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | Mjög einsleitir gróður |
| Litbrigði | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | Nokkur litbrigði |
| Mynstur | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | Í meðallagi grófmynstrað |
| Áferð-einsleitni | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | Áferð frekar einsleit |
| Áferð-hrjúffleiki | 4 | 4 | 2 | 2 | 1 | 2 | Hrjúfara vestar en austar |
| Vatn | 2 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | Sjór áberandi |
| Vatnsstraumar | 1 | 5 | 3 | 2 | 2 | 2 | Mjög lítið um straumvatn |
| Andstæður | 2 | 3 | 1 | 3 | 3 | 1 | Nokkrar andstæður |
| Hrikaleiki | 4 | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | Hrikaleiki nokkur |

Gula veglínan: Svæðinu skipt upp í 6 hlutasvæði:

| Stöð frá: | 0- 9000 | 9000 17000 | 17000 23000 | 23000 37000 | 37000 40000 | 40000 59000 | 0- 59000 |
|--------------------|------------|---------------|----------------|----------------|----------------|----------------|---------------------------------|
| Stöð til: | | | | | | | |
| Svæði | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | Heildarmat |
| Eiginleiki | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | Mælikv. | |
| Sjóndeildarhringur | 4 | 3 | 4 | 5 | 5 | 5 | Fjarlægur sjóndeildarhringur |
| Breytileiki í hæð | 4 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | Breytileiki í hæð frekar lítill |
| Útlínur lands | 2 | 3 | 1 | 2 | 1 | 1 | Útlínur lands frekar ávalar |
| Endurtekin form | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 5 | Endurtekningar á formum nokkrar |
| Gróðurbækja | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 1 | Gróður viða fyrri hendi |
| Gróðurlendi | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | Mjög einsleitir gróður |
| Litbrigði | 3 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | Nokkur litbrigði |
| Mynstur | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | Í meðallagi grófmynstrað |
| Áferð-einsleitni | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | Áferð frekar einsleit |
| Áferð-hrjúffleiki | 4 | 4 | 2 | 2 | 1 | 2 | Hrjúfara vestar en austar |
| Vatn | 2 | 3 | 3 | 4 | 5 | 4 | Sjór áberandi |
| Vatnsstraumar | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | Mjög lítið um straumvatn |
| Andstæður | 2 | 3 | 1 | 3 | 3 | 1 | Nokkrar andstæður |
| Hrikaleiki | 4 | 3 | 1 | 2 | 2 | 1 | Hrikaleiki nokkur |